



Yfirmaður Miðstöðvar tannverndar

Laus er til umsóknar staða yfirmanns Miðstöðvar tannverndar. Miðstöð tannverndar starfar á landsvísu og er m.a. ætlað það hlutverk að skipuleggja og sjá um framkvæmd tannverndar fyrir skólabörn um land allt með því að:

- * *skipuleggja fræðslu um málefni tannverndar í skólum.*
- * *tryggja að börn njóti eftirlits, fræðslu og forvarna á sviði tannheilsu.*
- * *safna upplýsingum um tannheilsu barna á landinu.*
- * *veita starfsmönnum heilbrigðiskerfisins og öðrum ráðgjöf og fræðslu á sviði tannverndar m.a. með útgáfu fræðsluefnis og heimasíðu.*

Miðstöð tannverndar mun hafa aðsetur í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og starfa undir stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Krafist er að umsækjandi sé tannlæknir. Æskilegt er að umsækjandi hafi stundað framhaldsnám á sviði heilbrigðisfræða og hafi reynslu á sviði stjórnunar.

Til greina kemur að starfið verði hlutastarf.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður E. Finnsdóttir í síma 585 1300 alla virka daga á milli kl. 10:00-12:00.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslunnar í Reykjavík, Barónsstíg 47 101 Reykjavík, á sérstökum eyðublöðum sem þar fást, fyrir 11. febrúar næstkomandi.

Reykjavík, 27. janúar 2002